

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 155/2011 um val nemenda til náms í tannlæknisfræði og tannsmíði við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. 7. og 8. málslíður 1. mgr. undir staflíð a, *Kandidatsnám í tannlækningum*, orðast svo: Þegar tveir eða fleiri nemendur hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsröðun einkunna, þannig að sá nemandi sem hefur hæstu einkunn í fræðilegri formfræði tanna heldur áfram námi. Ef tveir nemar hafa sömu einkunn í þeirri grein þá ræður hæsta einkunn í almennri líffræði, því næst hæsta einkunn í efnafræði, þá í vefjafræði og að síðustu hæsta einkunn í verklegri formfræði tanna.
- b. Í 1. málslíð 1. mgr. undir staflíð b, *BS nám í tannsmíði*, falla brott orðin „af bóknámsbraut“.
- c. 7. og 8. málslíður 1. mgr. undir staflíð b orðast svo: Þegar tveir eða fleiri nemendur hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsröðun einkunna, þannig að sá nemandi sem hefur hæstu einkunn í fræðilegri formfræði tanna heldur áfram námi. Ef tveir nemar hafa sömu einkunn í þeirri grein þá ræður hæsta einkunn í fagvitund starfsstéttar, því næst hæsta einkunn í almennri efnafræði, síðan hæsta einkunn í líffærafræði og að síðustu hæsta einkunn í verklegri formfræði tanna.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í upptalningu á námskeiðum og vægi þeirra undir staflíð a, *Kandidatsnám í tannlækningum*, breytist einingafjöldi einstakra námskeiða sem hér segir: (i) Í stað „3e“ aftan við námskeiðsheitið „Formfræði tanna, fræðileg“ kemur: 5e. (ii) Í stað „3e“ aftan við námskeiðsheitið „Vefjafræði“ kemur: 1e.
- b. Í upptalningu á námskeiðum og vægi þeirra undir staflíð b, *BS nám í tannsmíði*, breytist einingafjöldi einstakra námskeiða sem hér segir: (i) Í stað „8e“ aftan við námskeiðsheitið „Efnafræði I“ kemur: 6e. (ii) Í stað „3e“ aftan við námskeiðsheitið „Formfræði tanna, fræðileg“ kemur: 5e.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „fyrir 10. janúar“ í 1. málslíð 1. mgr. 4. gr. reglnanna kemur: fyrir jól.

#### 4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar með heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 8. maí 2020.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinnsson.*